

Tækjabúnaður

Tækjabúnaður er í flestum tilvikum kostnaðarsamur liður í rekstri. Tölvukostur skólans er bærilegur, þó óskalistinn sé miklu lengri en hægt er að bregðast við. Borðtölvur, fartölvur og I-padar hafa bæst við tölvukostinn undanfarin ár. Það helsta sem hefur bæst við á síðustu árum er:

Keypt var ný tafla í skólastofu hjá elstu nemendum, svo nefnd Cleverboard; gagnvirk kennslutafla. Haldið var námskeið í skólanum fyrir kennara í tengslum við þessi kaup. Settir voru upp skjávarpar í öllum þremur kennslustofunum. Þetta jók mikið á hagræði við kennslu en fram að því höfðum við einungis einn skjávarpa fyrir allan skólann sem var fluttur á milli með tilheyrandi óhagræði. Einnig voru settir upp hátalarar í allar skólastofur (veggfestir). Nokkrar fartölvur og I-padar hafa bæst við og ljóst er að bæta þarf enn frekar tölvukost skólans fyrir skólaárið 2014-2015.

Við erum ánægð með þessa tækjaaukningu sem hefur skapað ný tækifæri í kennslu og námi. Nú eru rúmlega tveir nemendur um hverja tölvu/I-pad í skólanum.